**AEFCA ráðstefna   Warsaw 12.-15.okt 2019**

**Laugardagur  12. október**

13:00 - 21:00 – Komudagur: Skráning á ráðstefnu og á meðan fundaði stjórn AEFCA (Evrópska Knattspyrnuþjálfarafélagið) í 8 klukkustundir. Sigurður Þórir Þorsteinsson formaður KÞÍ sat einnig ráðstefnuna á vegum AEFCA en hann situr í stjórn félagsins og tók því þátt í fundarhöldunum. Undirritaðir Hákon og Kristján Gylfi nýttu tækifærið og kíktu í bæjarferð á sama tíma.

**Sunnudagur 13. október**

9:00 - 9:30 - Setning ráðstefnu af hinum háaldraða Walter Gagg forseta AEFCA.

**9:30 - 10:30  Peter Schrener - Einstaklingsþjálfun fyrir framherja. (Football-Coach and Entrepreneur, CEO IfJ, Institute for Youth-Football)**

Einn af betri fyrirlestrum þessa helgi Skemmtilegur maður með mikla reynslu, sagði vel frá á þýsku og var almenn ánægja með framsögnina.
Peter er búinn að greina 1500 mörk hjá toppframherjum í Evrópu og búið til námsefni í kjölfarið til að þjálfa markaskorun.
Peter nefndi algengar setningar um sóknarmenn eins og "spilaði vel en nýtti færin illa". Út frá því býr hann til æfingar þar sem áherslan er að klára færin en ekki eingöngu skjóta á markið. Góðir skotmenn, höndla ekki alltaf pressu fyrir framan markið. Þeir þurfa að taka ákvörðun hratt og undir áreiti. Þetta þarfnast þjálfunar og meðfæddra hæfileika. Bestu framherjarnir eru klókir og halda yfirvegun þegar þeir komast í færi.

Í skotæfingum vill hann annars vegar þjálfa skottækni og hins vegar að skjóta í leiklíkum aðstæðum. Hann lagði áherslu á nokkur atriði; endurtekning, há ákefð, skora mörg mörk í litlum hópum, leiðrétta mistök. Vera með æfingar nálægt markinu (æfa dauðafæri) og að þjálfa staðsetningar í vítateig. Kappinn heldur úti vefsíðunni: http://www.soccer-coaches.com/ en þar má finna ýmislegt áhugavert. t.a.m. fríar e-bækur og myndbönd og keyptu ferðafélagar nokkrar af hans bókum og DVD-diskum.




*Ferðafélagarnir með Peter*




Zwei Arten von Torschuss-Training
Two Types of Training for Shooting
Torschuss-Technik-Training
Wettkampfgemäßes Torschuss-Training
Shooting Technique Training
Game-Specific Shooting Training
13


Effektives Torschuss-Techniktraining
Effective Shooting Technique Training
14
1. Große Wiederholungszahl
Lots of repetitions
2. Hohe Übungsintensität
High intensity (speed, pressure)
3. Kleine Übungsgruppen (viele Tore)
Small groups – many goals
4. Gezielte Fehlerkorrektur
Precise corrections of mistakes
5. Trainingsformen in Tornähe
Exercises close to the goal
PZPN
100 LAT


Spielnahes Torschuss-Training
Game-Specific Shooting Training
15
1. Training im und um den Strafraum
2. Schrittweise Steigerung des Drucks
3. Torschuss in Wettkampfsituationen
4. Wettkämpfe (3v3, 4v4, 5v5, ...) in Tornähe
1. Drills in and around the box
2. Step by step increase the pressure
3. Shooting in Game situations
4. Small sided games (3v3, 4v4, 5v5) close to goal


Individual-Training für Stürmer
Individual-Training for Strikers
38
Schritt 1: Beurteilungskatalog erstellen
Schritt 2: Analyse der Stärken und Schwächen des Spielers
Schritt 3: Spezielles Individualtraining
Step 1: Skill Catalogue for Strikers
Step 2: Analysis of the strengths and weaknesses of the player
Step 3: Specific Individual Training

**11:00 - 11:30  Antonin Plachy - UEFA Technical education 2019**

Stuttur fyrirlestur um fræðslu sem UEFA stendur fyrir

**11:30 - 12:15 Stefan Majewski - FIFA U-20 WC 2019 Analysis**

Greining á HM 20 ára og ýmsar áhugaverðar niðurstöður þar.

- Samanburður og greining á liðum og leikstílum, sýndi okkur nokkur skemmtileg video sem hann hafði unnið í þessari vinnu.

- Leikkerfi: 3-5-2 (2 lið) og 5-4-1 (1 lið), öll önnur lið spiluðu 4-3-3, 4-2-3-1 eða 4-4-2.

- t.d. 86% þeirra liða sem skoruðu fyrst unnu leikinn.

- 6% sem fengu á sig mark náðu að snúa leiknum sér í hag.







ANALYSIS OF FIFA WOLRD CUP U-20
PZPN
100 LAT
LOW DEFENSIVE LINE
Often used by 4 teams Ukraine, South Korea, Italy & South Africa
3 out of above 4 teams reached semi finals
Winner– Ukraine– 1-5-4-1
Runner up– South Korea – 1-5-3-2 (1-5-4-1)
IV place– Italy– 1-5-3-2


ANALYSIS OF FIFA WOLRD CUP U-20
PZPN
100 LAT
MIDDLE DEFENSIVE LINE
Preferred by most of the teams
ITALY
most often used in the early stages of the match
very often after failure of winning the ball back in the middle zone they changed smoothly to low defensive line
during the later stage of the match - used low defensive line
SOUTH KOREA
After opponents played a long ball – low defensive line
OBRONA ŚREDNIA
ITALY
Linia pomocy w linii przesuwa na całej szerokości


ANALYSIS OF FIFA WOLRD CUP U-20
PZPN
100 LAT
TEAM ORGANISATION IN ATTACK – BUILD UP PLAY
Italy
Building up play with short and medium passes
Use of wide areas
Creative wing back with great 1v1 skills
High number of crosses in each game
POLAND 2019


ANALYSIS OF FIFA WOLRD CUP U-20
PZPN
100 LAT
TEAM ORGANISATION IN ATTACK – BUILD UP PLAY
ECUADOR
Building up by short passes
Use of full backs
Use of free space between formations
Players 7 and 11 - 1x1 and cutting inside
If the opponents played with high pressing use of a long ball to striker
POLAND 2019







## 12:15 - Alan Pardew - How to manage the "Millennial Footballer"






Ráðstefnustjóri átti 30 mín spjall við Alan á sviði þar sem hann fór um víðan völl í vangaveltum sínum um hvernig á að þróa knattspyrnumenn.

Nokkrir af þeim punktum sem hann nefndi var:

- Honum finnst vanta persónuleika í marga leikmenn
- Margir leikmenn alast upp án föðurs á heimili, eru þeir ef til vill of mjúkir?
- Framkvæmdastjórar þurfa að komast inn í samskiptaheim ungra leikmanna.
- Þurfa að búa til umgjörð um þá leikmenn sem eru í mestu félagslegu vandræðunum.
- Leikmenn þurfa að horfa á aðrar íþróttir og læra af öðrum íþróttamönnum.
- Kom með skemmtilega sögu af Wilfried Zaha stjörnu Crystal Palace liðsins, hann er með her aðstoðarmanna með sér, m.a. sinn næringarfræðing og sjúkraþjálfara. Ekki alltaf auðvelt að eiga við alla þessa aðila

**13:45 - 15:15 - Dariusz Pasieka - Coaches education system in Poland**

Dariusz fjallaði um uppbyggingu þjálfaramenntunar í Póllandi. Þeir eru alltaf að leitast við að bæta sig og verða faglegri í sinni vinnu og búa til fleiri toppleikmenn.


PZPN PROJECTS 2012-2019
PZPN
100 LAT
CRITERIA
Infrastructure
Training programme
Coaches' qualifications
Number of teams
Max number of players per coach
Training equipment


PZPN
100 LAT
NUMBER OF TEAMS DECLARED FOR THE CERTYFICATION
Number of teams declared by the academies in age categories
5233
G 13,53%
F 27,63%
E 31,44%
D 27,40%
PIŁKA DLA WSZYSTKICH
AEFCA
WARSAW


PZPN PROJECTS 2012-2019
PZPN
100 LAT
NUMBER OF APPLICATIONS FOR THE PROGRAM AFTER VERIFICATION OF APPLICATION FORMS – AS OF 07.23.2019
FINALLY TO THE LAST PHASE JUST BEFORE ISSUING THE CERTIFICATES 972 ENTITIES WERE QUALIFIED. CERTIFICATION ARE ISSUED BY SPECIAL POLISH FA COMMISSION.


PN PROJECTS 2012-2019
ZPN
IT SCOUTING AND OBSERVATIONS SYSTEM
In two years we have over 3,500 registered players in our data
450 players from Europe
450 players aged U8-U13













## 15:45 - Brottför í útsýnisferð, matur og beint á leik Póllands og N-Makedóníu

Haldið var í útsýnis rútuferð um Varsjá, hópurinn borðaði saman og skemmti sér konunglega áður en hadlið var á leik Póllands og Norður Makedóníu á *PGE Narodowy* þjóðarleikvangi Pólverja sem tekur rúmlega 58.000 manns í sæti. Leikurinn fór rólega af stað, en Pólverjar hertu tökin í síðari hálfleik og kláruðu leikinn á lokakafla leiksins og unnu 2-0 sigur.





**Mánudagur 14. Október**




**9:00 – 09:20 Dariuz Mioduski - Forseti Legia Warszawa**

Talaði um félagið í 20 mín, sagði frá sögu félagsins og framtíðarsýn.

**10:15 - Massimiliano Allegri**




Eitt stærsta nafnið í þjálfarabransanum í dag sagði frá sjálfum sér og aðallega síðustu árum með AC Milan og Juventus.

- Eina sem skiptir máli er að vinna leiki

- Taktík, tækni, strategía og commitment lykiltariði. Tækni, leikskilningur og klókindi leikmanna samt sem áður mikilvægara en taktík.

- Árangur liðs kemur fram í vinnu þjálfara með einstaklingum á æfingu.

- Leikmenn þurfa sífellt að bæta sig, þjálfari á ekki að sætta sig við stöðnun

- Hann er með sex manna þjálfarateymi þar sem verkaskipting er mjög skýr og þar sem sérhæfð hæfni hvers og eins fær að njóta sín.

- Setja markmið t.d. fyrir næstu 3 leiki. Litlu markmiðin eru nauðsynleg til að ná stóru markmiðunum.

- Leikmenn eru mikilvægari en þjálfarinn. Mikilvægt fyrir þjálfara að setja raunhæfar kröfur á leikmenn. Þjálfari þarf að aðlaga leikkerfi að leikmannahópnum, alls ekki spila mönnum út úr stöðu

- Okkur fannst mjög áhugavert að heyra að Allegri minntist á að hann vildi helst ekki tala lengur en 3-5 mínútur í hálfleik, alls ekki lengur.

-Lokaorð hans voru: Leikurinn er gerður flóknari en hann á að vera, fótbolti er einfaldur leikur!




**11:45 - hringborðsumræður á pólsku** (Jerzy Brezeczek, Andrzej DAwidziuk, Jan Urban og Jerzy Dudek)

**14:00 - Carolina Morace - FIFA Womans WC 2019 – Greining á HM kvenna 2019**

**15:00 - Gerard Houllier - Why Liverpool FC is so special**




Ráðstefnustjóri ræddi við Houllier um hans þjálfaraferil sinn en sérstaklega um tíma hans hjá Liverpool og kom hann með nokkrar skemmtilegar sögur frá þeim tíma. Einnig kom hann með nokkra góða punkta aðspurður hvernig hann sæi fótbolta í dag eftir að hafa sest í helgan stein sem þjálfari.

- Tranisition (umpskti í sókn/vörn og vörn/sókn) er stærsta atriðið í nútíma fótbolta og nefndi hann núverandi lið Liverpool í því samhengi.
- Bakverðir orðnir gríðarlega mikilvægir í leiknum í dag. Þeir geta jafnvel ógnað meira „inside” en með framhjáhlaupi upp kantinn.
- Jákvæð endurgjöf til leikmanna strax eftir leik er gríðarlega mikilvæg, þar hefst undirbúningur fyrir næsta leik. Sumir leikmenn þurfa stöðugt hrós (e. „they have a craving desire to be appreciated”)

**Allir fyrirlestrar voru þýddir á ensku - pólsku og þýsku**

Hér má sjá herbergið góða þar sem þýðendur voru



**16:00 Brottför á Legia Warszawa Stadium** - Kíktum á æfingu hjá aðalliðinu og skoðum aðstæður á keppnisvellinum.

**Sjá myndir úr ferðinni og nokkur stutt video af æfingunni í myndaalbúmi.**

**Myndaalbúm**: https://photos.app.goo.gl/wLiZsAUhP4XUYhLU9

Frábær ferð í góðum félagsskap.

Hákon Sverrisson
Kristján Gylfi Guðmundsson